

Stjórnarfundur í félagi lóðarhafa Kiðjabergi

Fundur stjórnar 15. nóvember 2021 kl. 20 haldinn í Kópavogsgarði.

Mættir voru: Snjólfur Ólafsson, Gunnsteinn Sigurðsson, Kristín Eysteinsdóttir og Hlín Ástþórsdóttir.

1. Lagfæring á vegum. Unnið var að lagfæringum á vegum í lok október og fram í miðjan nóvember. Gunnsteinn gerði grein fyrir framkvæmdunum en verkið var unnið af Suðurtaki líkt og fyrri vegafrakvæmdir. Kostnaður við verkið var um 3,5 milljónir.
2. Í haust vann GKB (golfklúbburinn) að lagfæringum á þeim tveimur göngu- og golfbílástígum sem eru á vegum FLK. Verkið kláraðist að mestu leyti en ætlunin er að klára næsta vor það litla sem eftir er. Ekki liggur fyrir endanlegur kostnaður við lagfæringuna.
3. Fjármál félagsins. Kristín gerði grein fyrir fjármálum félagsins en fjárhagsstaðan er nokkuð góð þrátt fyrir miklar framkvæmdir. Kristín greindi frá því að Vatnsveitan væri að fullu greidd eins og ákveðið var á aðalfundi félagsins.
4. Vatnsveitan. Gunnsteinn hefur rætt við Snorra Hafsteinsson um teikningar af lögnum vatnsveitunnar og búið er að teikna þær upp eins og kostur er.
5. Öryggismál og myndavél hjá fyrrverandi gámasvæði. Í framhaldi af innbroti í golfskálann á haust hafa öryggismálin á svæðinu verið til skoðunar. Bergur hefur annast þau mál fyrir hönd stjórnar. Rætt hefur verið um að ráðast í endurbætur á öryggisgæslu í samvinnu GKB, Hestlendinga og lóðafélags okkar. Stjórn samþykkt að fela Bergi að halda áfram með málið.
6. Leiksvæði með rólum og fleiru. Rólur sem voru við golfskálann voru fjarlægðar sumarið 2021 af því að aðstæður uppfylltu ekki öryggiskröfur. Nú hefur Kiðjaberg ehf, sem er eigandi að golfvellingum, óseldum sumarhúsalóðum og fleiru, boðist til að útvega leiksvæði, en ekki að kaupa leiktæki. Sú hugmynd hefur verið rædd að FLK kaupi leiktæki og GKB sjái um að útbúa leiksvæði, koma leiktækjunum fyrir og sjá um svæðið. Stjórnin mun vinna að þessu máli með það að markmiði að leggja tillögu fyrir

aðalfund í mars 2022. Snjólfur tekur málið að sér og mun leitast við að fá áhugasama til liðs við sig til að koma með tillögur í málinu.

7. Formaður mun senda bréf á lóðarhafa fljótlega þar sem gerð verður grein fyrir stöðu helstu mála.

Fundi slitið kl. 9:30

Gunnsteinn Sigurðsson ritari